



Frá blaðamannafundi Kvennalistans: Frá v. Sigríður Þorvaldsdóttir, Ingibjörg Guðmundsdóttir, Sigríður H. Sveinsdóttir, af Reykjaneslistanum, Þórildur Þorleifsdóttir, Kristín Jónsdóttir, Margrét Rún Gunnarsdóttir, Sigrún Dúna Kristmundsdóttir, af Reykjavíkurlistanum. Mynd: - eik.

Stefna Kvennalistans:

*Nýsti blaðamannafundur
Kvennalista 29. mars 1981*

Mannleg verðmæti lögð til grundvallar

„Við viljum að sameiginleg reynsla og verðmætamat kvenna verði metið til jafns við reynslu og verðmætamat karla, sem stefnumótandi afl í samféluginu. Við setjum á oddinn hugmyndir um kvenfrelsi, sem fela í sér rétt kvenna til að vera metnar á sínum eigin forsendum til jafns við karla.“

Svo segir í stefnu Kvennalistans, sem kynnt var á blaðamannafundi í fyrra dag, og sameiginleg er fyrir kvennalistana alla.

EKKI er hér rúm til að rekja stefnu Kvennalistans að neinu ráði en benda má að lögð er á það

áhersla að mannleg verðmæti verði fyrst og fremst lögð til grundvallar þegar ákvörðanir eru teknar í þjóðmálum. Barist verður fyrir bættum hag kvenna. Endurskoðun fari fram á skóla-, menningar- og heilbrigðismálum. Efnahagsstefnan verði miðuð við annað verðmætamat og aðra forgangsþróðun en nú. Upp verði tekin stefna hinnar **hagsýnu húsmóður** þannig, „að Íslendingar geti í sem ríkustum mæli lifað á eigin framleiðslu og að við högum útgjöldum okkar í samræmi við tekjur“. Tækní og þekkingu verði beitt til þess að draga úr vinnuþrælkun og stytta vinnutímann **án kjaraskerðinga**. Íslensk stjórnvöld taki afstöðu gagn hvers-

konar misrétti og kúgun, gegn vígbúnaði bæði heimafyrir og á alþjóðavettvangi. Kjarnorkuvopn verði aldrei leyfð á Íslandi. Íslensk efnahagsløgsaga verði friðuð fyrir kjarnorkuvopnum og umferð kjarnorkuknúinna farartækja og harðlega er mótmælt losun kjarnorkuúrgangs og eiturefna í hafið. Strangt eftirlit verði með starfsemi hersins hér á landi, dregið úr umsvifum hans og þjóðin verði honum óháð efnahagslega. Íslensk stjórnvöld skýri undanbragðalaust frá framkvæmdum hersins og herbúnadótt og ákveðin svæði verði lýst kjarnorkulaus og njóti alþjóða viðurkennings.

- mhg

Kvennalistinn mótmælir ákvörðun Útvarpsráðs

Útvarpsráð hefur nú ákveðið hvert vera skuli fyrirkomulag kosningasjónvarps og útvarps vegna væntanlegra alþingiskosninga 23. apríl n.k.

Samkvæmt þeirri ákvörðun fær Kvennalistinn 15. míð. til umráða í framboðskynningu í sjónvarpi 11., 12. og 13. apríl á meðan flokkarnir fá, hver um sig, 20 míð.. Hið sama gildir þegar setið er fyrir svörum hjá fréttamönnum í hljóðvarpi. Við hringborðsumræður í sjónvarpi daginn fyrir kjördag er Kvennalistinn útlokaður.

Útvarpsráð rökstýrður þessa ákvörðun sína með því að V-listinn

bjóði ekki fram í öllum kjördænum og vísar til fordæma.

Lára V. Júlíusdóttir, umboðsmaður Kvennalistans, hefur harðlega mótmælt þessari ákvörðun Útvarpsráðs og einkum því, að útloka listann frá hringborðsumræðunum. Telur umboðsmaðurinn hana brot á Útvarpslögum en í 3. mgr. 3. gr. þeirra laga segir svo:

„Ríkisútvarpið skal í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðrædislegar grundvallarreglur. Það skal virða tjáningarfresi og gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum, stofnunum, félögum og einstaklingum“.

Hér sé því um að ræða hreina mannréttindaskerðingu. Umboðsmaðurinn bendir á, að enda þótt V-listinn bjóði aðeins fram í 3 kjördænum af 8 séu kjósendar í þessum kjördænum 110.206 en kjósendar í landinu öllu 153.956 (Hagstofan). Hér sé því um að ræða mál, sem snerti 72% kjósenda.

Umboðsmaður V-listans telur þessa ákvörðun Útvarpsráðs glöggjt dæmi um miðstýringu og flokkseinræði. Flokkarnir ráði ekki einasta yfir dagblöðunum heldur tryggi þeir og völd sín í ríkisfjölmálinum og snúi þar bökkum saman þegar hagsmunir þeirra séu í húfi. Og til þess að gera nýjum framboðum erfitt fyrir vili þeir jafnvel ekki fyrir sér að brjóta lög.

- mhg